

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 20. febrúar 2026.

Mál nr. 63/2026:

A

(Arnar Þór Jónsson lögmaður)

gegn

B

(Lárus Sigurður Lárusson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Kærumálgögn. Frestur. Frávísun frá Landsrétti.

Útdráttur

Málinu var vísað frá Landsrétti þar sem kærumálgögn voru ekki afhent réttinum innan tveggja vikna frests 3. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómaramarnir Eyvindur G. Gunnarsson, Ragnheiður Bragadóttir og Símon Sigvaldason kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 20. janúar 2026. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 10. febrúar sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 7. janúar 2026 í málinu nr. E-[...]/2025 þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að dómkvaddir yrðu tveir matsmenn, öldrunarlæknir og geðlæknir, til að svara tilgreindum spurningum. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að fallast á umbeðið mat. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Niðurstaða

- Samkvæmt 3. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991 skal sá sem kærir úrskurð senda Landsrétti innan tveggja vikna frá því að kæra hans berst héraðsdómi þau gögn málsins sem hann telur sérstaklega þörf á til úrlausnar um kæruefnið. Í 4. mgr. sömu greinar er svo fyrir mælt að afhendi sá sem kærir úrskurð ekki kærumálgögn til Landsréttar innan þess frests sem greinir í 3. mgr. verði ekki frekar af máli.
- Eins og að framan segir barst héraðsdómi kæra sóknaraðila 20. janúar 2026 en hann skilaði fyrst kærumálgögnum til Landsréttar 4. febrúar sama ár en þá var liðinn sá frestur sem kveðið er á um í 3. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991. Af þeim sökum verður

ekki hjá því komist að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Landsrétti, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar, sbr. dóm Hæstaréttar 4. janúar 2017 í máli nr. 834/2016 og úrskurði Landsréttar 23. maí 2018 í máli nr. 414/2018 og 8. júní 2018 í máli nr. 451/2018.

- 6 Sóknaraðila verður gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Landsrétti.

Sóknaraðili, A, greiði varnaraðila, B, 500.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 7. janúar 2026

Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu 9. september 2025 og tekið til úrskurðar 19. desember 2025 vegna ágreinings um framkomna matsbeiðni stefndu.

Stefnandi er B, kt. [...], [...].

Stefnda er A, kt. [...], [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að ógilt verði með dómi faðernisviðurkenning hans, dags. [...] 1973, með „barninu“ C. Einnig er þess krafist að fram fari mannfæðing rannsókn á stefnanda, stefndu og C. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefnda krefst sýknu eftir að frávísun málsins var hafnað 13. nóvember síðastliðinn. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnanda með álagi auk réttarfarssektar úr hendi stefnanda og umboðsmanns hans.

Ágreiningur varð um framkomna matsbeiðni stefndu, sem lögð var fram í dómnum 15. desember síðastliðinn. Stefnandi krefst þess að stefndu verði synjað um það mat sem hún krefjist samkvæmt matsbeiðni. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu, til vara að málskostnaður bíði efnisdóms en til þrautavara að málskostnaður falli niður. Stefnda krefst þess að fallist verði á beiðni hennar um að dómkveðja tvo matsmenn samkvæmt matsbeiðni. Þá er krafist málskostnaðar vegna þessa hluta málsins en að ákvörðun hans bíði efnisdóms í málinu.

Helstu atvik að baki máli og ágreiningur:

Málsaðilar þessa máls hittust [...] og [...] 1972 fæddi stefnda sveinbarn, C. Fyrir liggur yfirlýsing, dags. [...] 1973, þar sem stefnandi viðurkennir að vera faðir hans. Stefnandi vill nú vefengja þá viðurkenningu og með umboði, dags. 12. febrúar 2025, veitti hann lögmonnum heimild til þeirrar málshöfðunar sem hér liggur fyrir.

Með framkominni matsbeiðni vill stefnda freista þess að sýna fram á hvernig andlegri heilsu stefnanda hafi verið háttað, og óskar mats þar sem eftirfarandi fimm matsspurningum verði svarað:

1. Hvernig var minni, dómgreind og annarri vitrænni getu matsþola háttað frá maímánuði 2022 og fram yfir þann tíma í febrúar 2025 þegar hann veitti lögmanni umboð, staðfest með undirritun, í tengslum við málshöfðun?
2. Skildi matsþoli tilgang og afleiðingar þess að höfða mál til vefengingar á barnsfæðingviðurkenningu þegar hann veitti lögmanni umboð til þess 12. febrúar 2025?
3. Hvenær telst matsþoli hafa verið orðinn það skertur í vitrænni getu að hann gat ekki lengur tekið mikilvægar ákvarðanir, svo sem um fjárhagsmál eða að hefja málssókn?

4. Gat vitræn skerðing matsþola gert hann viðkvæmari fyrir áhrifum annarra við töku mikilvægra ákvarðana frá maí 2022 fram til þess að mál þetta var höfðað?
5. Hvaða áhrif hefði slík viðkvæmni gagnvart áhrifum annarra getað haft á getu matsþola til að taka sjálfstæðar ákvarðanir á umræddu tímabili?

Helstu málsástæður og réttarheimildir stefndu/matsbeiðanda:

Stefnda byggir á því að faðernisviðurkenning stefnanda hafi legið fyrir í 50 ár án þess að hann hafi séð ástæðu til þess að fá henni hnekkt þar til nú. Álitafni sé um hæfi hans til þeirrar ákvörðunar og um aðra hagsmuni, sbr. m.a. ákvæði lögræðislaga nr. 71/1997 og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnda telur kaupmála sem stefnandi hafi undirritað á árunum 2023 og 2025 óvenjulega m.t.t. aldurs og fyrirliggjandi upplýsinga um heilsufar hans. Þá sé rithönd stefnanda á umboð til lögmanns, dags. 12. febrúar 2025, merkjanlega breytt m.v. eldri skjöl, sem gæti bent til vitrænna erfiðleika og skertrar getu hans, sem og um viðkvæmni fyrir áhrifum annarra. Þetta sé það sem eigi að meta og kanna eigi hvort stefnandi hafi verið í stöðu til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir, bæði persónulegar og fjárhagslegar.

Stefnda bendir á að framlagt læknisvottorð og gögn úr sjúkraskrá staðfesti vitræn frávik stefnanda allt frá árinu 2022 og hann hafi verið formlega greindur með [...] í ágúst 2022. Það vottorð leysi að mati stefndu ekki úr þeim ágreiningi að fullu, enda ekki samtímat á þeim ákvörðunum sem deilt sé um.

Stefnda hafnar því að verið sé að tefja málið með framkominni matsbeiðni. Þá sé því hafnað að matsbeiðnin sé of víðtæk, enda sé hún afmörkuð m.t.t tiltekinni ákvarðana stefnanda frá árinu 2022, en ekki almenns heilsufars hans. Stefnda hafnar því að um sé að ræða viðkvæmar upplýsingar, enda hafi stefnandi „boðið upp í þennan dans“ með framkominni stefnu. Um sé að ræða læknisfræðileg atriði sem eigi að meta í öllum tilfellum en ekki lagaleg. Við mat á vitrænni skerðingu sé almennt litið til þess hvort sú skerðing geti haft áhrif á sjálfstæði í ákvarðanatöku, enda þekkt að fólk verði áhrifagjarnara við þessar aðstæður. Nauðsynlegt sé að tveir matsmenn á sitthvoru sérfræðisviði komi að matinu. Spurningarnar séu settar fram á hlutlægan hátt og án fullyrðinga, og ekki sé um að ræða formsatriði sem dómara geti metið, enda leiði aðildarhæfi eða skortur á því sýknu.

Stefnda vísar til þess að samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eigi málsaðilar rétt á því að afla þeirra sönnunargagna sem þeir telji málstað sínum til framdráttar, og sé það að meginstefnu hvorki á valdi gagnaðila né dómstóla að takmarka þann rétt umfram það sem leiðir af 3. mgr. sömu lagagreinar. Eini áskilnaður um form og efni komi fram í 1. mgr. 61. gr. sömu laga. Ekki sé bersýnilegt að matsgerðin komi ekki til með að skipta máli eða verða tilgangslaus og stefnda beri áhættuna af notagildi matsgerðarinnar til sönnunar og kostnað af öflun hennar.

Helstu málsástæður og réttarheimildir stefnanda/matsþola:

Stefnandi vísar til þess að búið sé að fjalla um formhlið málsins með úrskurði dómsins um höfnun á frávisun. Stefnandi njóti fulls gerhæfis og aðildarhæfis, enda ekki verið sviptur lögræði. Vafi sé á lagalegri heimild þess að fara fram á það mat sem hér liggja fyrir, sem varði formhlið máls, sem sé í höndum dómara að meta.

Stefnandi bendir á að í málinu liggja þegar fyrir læknisvottorð D sérfræðings í lyf- og öldrunarlækningum, dags. 19. nóvember 2025, um væga vitræna skerðingu stefnanda, en þó hæfi hans til málsóknar. Vottorðið byggir á langri eftirfylgd með stefnanda og vísindarannsókn sem stefnandi hafi tekið þátt í auk samtíma viðtala við hann og upplýsinga úr sjúkraskrá. Vottorðið uppfylli allar kröfur 19. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, og reglugerð nr. 82/2025 um vottorð og álitsgerðir heilbrigðisstarfsfólks. Vottorðið sé faglegt sérfræðiálit sem jafna megi í raun við matsgerð, sbr. 3. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi bendir á að framangreint vottorð/mat byggir á samtímagögnum. Mat sem fram færi nú um hæfi stefnanda í febrúar 2025 gæti aldrei byggst á öðru en því sama og fyrrgreint vottorð byggði á, s.s.

sjúkraskrá. Matsbeiðnin sé því að mati stefnanda bersýnilega þarflaus fyrir úrlausn málsins, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991.

Matsbeiðninni er einnig mótmælt á þeirri forsendu að það sé allt of víðtækt og ómarkvisst, og farið sé langt út fyrir tilgang matsins, í raun út fyrir sérfræðipækkingu matsmanna. Fyrir það fyrsta sé óþarft að hafa tvo matsmenn, enda örökstutt hvers vegna það þurfi geðlækni til að meta [...] og vitræna skerðingu, sem heyri undir öldrunarlækni að meta. Matsbeiðnin nái allt aftur til ársins 2022 og þjóni ekki þeim tilgangi sem að sé stefnt, þ.e. mat á gerhæfi stefnanda í febrúar 2025. Stefnda hafi enga lögvarða hagsmuni af því að fá mat á heilsufari stefnanda yfir svo langt tímabil. Um sé að ræða viðkvæmar persónulegar heilsufarsupplýsingar sem njóti verndar persónuverndarlaga. Spurningar í matsbeiðni er varða skilning stefnanda á tilgangi og afleiðingum málshöfðunar sé ekki læknisfræðilegt mat heldur lagalegt. Þá séu spurningar leiðandi eða snúi ekki að tilgangi matsins, s.s. spurningar um það hvort vitræn skerðing stefnanda hafi gert hann viðkvæmari fyrir áhrifum annarra við töku viðkvæmra ákvarðana allt frá maí 2022.

Bent sé á að samkvæmt 1. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991 eigi að koma skýrt fram hvað eigi að meta og hvað aðili hyggist með matinu. Stefnandi telur vafa á því hvað matsgerðinni sé í raun ætlað að sanna, og virðist sem helst standi til að hnekkja tilgreindum kaupmálum sem ekki séu hluti þessa máls.

Niðurstaða:

Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála afla aðilar sjálfir sönnunargagna um sakarefni málsins, og er það hvorki á færi gagnaðila né dómara að takmarka þann rétt umfram það sem greinir í 3. mgr. sömu lagagreinar, þ.e. að skipti atriðið ekki máli eða teljist gagnið tilgangslaut til sönnunar getur dómari meinað aðila um þá sönnunarfærslu.

Í IX. kafla laga nr. 91/1991 segir að málsaðilar geti óskað skoðunar- og matsgerða, enda sé ekki verið að óska mats á atriðum sem dómari leggur sjálfur mat á, sbr. 2. mgr. 60. gr. sömu laga. Þá er gerð krafa um skýrleika í matsbeiðni, sbr. síðari málslíð 1. mgr. 61. gr. sömu laga, þar sem taka þarf nákvæmlega fram í beiðni hvað eigi að meta og hvað aðili hyggist sanna með mati.

Umbeðnu mati stefndu er ekki ætlað að vera sönnun um það sakarefni sem málið grundvallast á, heldur sönnun um „vitræna getu“ stefnanda. Er beiðnin er því leyti skýr um það sem eigi að meta í skilningi síðari málslíðar 1. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnda freistar þess með matinu að staðreyna vitræna getu stefnanda „á þeim tíma sem hann tók ákvarðanir um þetta mál.“ Ákvörðun stefnanda um málsókn þessa lá fyrir með verkbeiðni/umboði hans til lögmannna, dags. 12. febrúar 2025. Ljóst þykir að stefnda hyggist sanna að stefnanda hafi skort gerhæfi um þann gerning, um raunverulegan persónulegan vilja hans til þessarar málsóknar.

Óljóst er hvaða aðrar ákvarðanir matsmönnum yrði ætlað að staðreyna. Þó má af matsbeiðni og málflutningi stefndu ráða að matsmönnum yrði ætlað að meta hæfi stefnanda um tilgreinda löggerninga, sem stefnandi gerði ásamt maka sínum. Óútskýrt er af hálfu stefndu hvers vegna þörf sé á mati um þá fjárhagslegu löggerninga í málsókn um véfengingu fadernis.

Í matsspurningu 1 í matsbeiðni er óskað mats á vitrænni getu stefnanda allt frá maí 2022 og fram í febrúar 2025. Í gögnum málsins kemur fram að stefnandi hafi á árinu 2022 verið metinn með vitræn frávík og er því ekki sérstök þörf á að staðreyna það. Að öðru leyti er óútskýrt af hálfu stefndu þörf á mati á dómgreind, minni og annarri vitrænni getu stefnanda á öllu framangreindu tímabili, um ákvörðun um málsókn sem tekin var í febrúar 2025. Þá var örökstutt af hálfu stefndu hvers vegna jafnframt sé þörf á skipun geðlækni til að meta öldrunarsjúkdóm.

Óútskýrt er af hálfu stefndu tilvísun hennar í matsbeiðni til XII. kafla laga nr. 91/1991, og verður allt eins ætlað að leita eigi mats um tiltekin atriði án þess að mál hafi verið höfðað, s.s. fjárhagsmál stefnanda og aðrar „mikilvægar ákvarðanir“ líkt og greinir í matsspurningum. Óútskýrt er af hálfu stefndu hvaða lögvarinna hagsmuna hún hefði af mati um þær ákvarðanir. Telst matsbeiðnin um allt framangreint verulega óskýr um það sem sanna eigi með matinu í skilningi síðari málslíðar 1. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991.

Fram kom af hálfu stefndu í málflutningi að þekkt væri að fólk yrði viðkvæmara og áhrifagjarnara við þær aðstæður að það glímdi við [...]. Er því er ekki þörf á mati á þeim atriðum í matsspurningum, enda leggur dómari sjálfur mat á atriði sem krefjast almennrar þekkingar, sbr. 2. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991.

Að framangreindu gættu er á það fallist með stefnanda að umbeðið mat yrði allt of víðtækt m.t.t. þeirra viðkvæmu heilsufarsupplýsinga sem virðist eiga að afla hjá stefnanda yfir langt tímabil um óljósar ákvarðanir sem þjóna ekki tilgangi fyrir málsókn þessa. Þannig geta matsspurningar 1, 3, 4 og 5 í matsbeiðni ekki skipt neinu máli, og mat á þeim atriðum yrði tilgangslaust til sönnunar um þann ágreining sem hér liggur fyrir, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991. Verður stefndu því meinuð sú sönnunarfærsla.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð útgefið 19. nóvember 2025 af D, sérfræðingi í lyf- og öldrunarlækningum, að öðrum ólöstuðum eins helsta sérfræðings á því sviði. Byggir vottorðið m.a. á sögu og sjúkraskrá stefnanda og vísindarannsókn sem stefnandi var þátttakandi í. Einkum byggir vottorðið þó á viðtali sem læknirinn átti við stefnanda sjálfan 4. febrúar 2025 í tilefni af því að stefnandi hugðist þá gera erfðaskrá. Viðtalið er því tekið örfáum dögum áður en ákvörðun stefnanda 12. febrúar 2025 var tekin. Í vottorðinu kemur m.a. fram að stefnandi sé greindur með [...] á fyrsta stigi heilabilunar. [...] hans sé skert og [...] og færni til sumra flóknari athafna en hann sé með góða færni til allra frumathafna daglegs lífs og margra flóknari athafna, og ekki að sjá að dómgreind hans hafi breyst mikið. Var það mat læknisins að stefnandi hefði 4. febrúar 2025 fullt hæfi til að undirrita erfðaskrá.

Mat samkvæmt matsspurningu 2, þ.e. hæfi stefnanda 12. febrúar 2025 yrði ekki byggt á samtímamati og til grundvallar því yrði horft til sömu læknisfræðilegu gagna og lágu fyrir í vottorði D öldrunarlæknis. Telur dómari því bersýnilegt að mat á því atriði yrði tilgangslaust til sönnunar um þann ágreining sem hér liggur fyrir, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991. Verður stefndu því meinuð sú sönnunarfærsla.

Með vísan til framangreinds er fallist á kröfu stefnanda um að hafna fram kominni matsbeiðni stefndu, dagsettri 15. desember síðastliðinn.

Ákvörðun málskostnaðar bíður efnisdóms.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Beiðni stefndu, A, um dómkvaðningu tveggja matsmanna til að meta þau atriði er getur í matsspurningum 1-5 í matsbeiðni hennar, dags. 15. desember 2025, er hafnað.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegrar úrlausnar málsins.